

**Menntaskólinn við Sund**  
02 305

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Menntaskólinn við Sund

Kt. 700670-0589

Gnoðarvogi 43, 104 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn við Sund er ríkisaðili í A-hluta sem er bóknámsskóli og býður upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs þar sem skólaárinu er skipt í þrjár jafnlangar annir. Það er markmið skólans að bjóða nemendum góða þjónustu og fyrsta flokks nám óháð því á hvaða námsbraut eða á hvaða námslínu þeir eru. Þessum markmiðum sínum ætlar skólinn að ná með því að virkja frumkvæði nemenda og starfsmanna, með því að leggja áherslu á góða kennslu og fjölbreytilega kennsluhætti, nýtingu upplýsingatækni í kennslu, góðan tækjakost, samvinnu við fyrirtæki og stofnanir og símenntun starfsmanna sinna.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.167,3 milljónir og afkoma kr. 102,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 68,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans við Sund í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans við Sund fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Helga Sigríður Þórsdóttir  
Rektor

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.120.900.745	927.259.569
Aðrar tekjur .....	3	8.163.000	8.100.000
Seld þjónusta .....	4	758.500	1.036.250
Vörusala .....	5	14.608.539	14.248.300
Framlög og ýmsar tekjur .....	6	17.837.878	27.982.848
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	4.985.981	4.268.527
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.167.254.643</b>	<b>982.895.494</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	7	793.309.246	723.863.815
Annar rekstrarkostnaður .....	8	267.765.008	265.384.481
Afskriftir .....	9	4.985.981	4.268.527
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.066.060.235</b>	<b>993.516.823</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>101.194.408</b>	<b>(10.621.329)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		1.150.678	45.225
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(37.709)	(19.529)
		<b>1.112.969</b>	<b>25.696</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>102.307.377</b>	<b>(10.595.633)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður .....		24.166.143	17.104.758
Aðrar eignir .....		<u>1.262.937</u>	<u>1.262.937</u>
		<u>25.429.080</u>	<u>18.367.695</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>25.429.080</u>	<u>18.367.695</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	19.644.550	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	12	2.591.450	559.555
Handbært fé .....	13	<u>21.190.564</u>	<u>13.285.486</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>43.426.564</u>	<u>13.845.041</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>68.855.644</u>	<u>32.212.736</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	14		
Hrein eign .....		<u>793.498</u>	<u>(101.513.879)</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>793.498</u>	<u>(101.513.879)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	125.466	75.666.525
Viðskiptaskuldir .....		3.285.128	3.643.959
Ýmsar skammtímaskuldir .....	15	44.694.481	36.173.079
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	16	<u>19.957.071</u>	<u>18.243.052</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>68.062.146</u>	<u>133.726.615</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>68.855.644</u>	<u>32.212.736</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	17		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		102.307.377	(10.595.633)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	9	4.985.981	4.268.527
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		<u>(4.985.981)</u>	<u>(4.268.527)</u>
		102.307.377	(10.595.633)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(2.031.895)	74.979
Tengdir aðilar .....		(100.532.975)	(42.662.798)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>8.162.571</u>	<u>(6.033.192)</u>
		(94.402.299)	(48.621.011)
		<u>7.905.078</u>	<u>(59.216.644)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	10	<u>(12.047.366)</u>	<u>(10.064.502)</u>
		(12.047.366)	(10.064.502)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
Tengdir aðilar .....		5.347.366	3.564.502
Fjárfestingarframlag .....		<u>6.700.000</u>	<u>6.500.000</u>
		12.047.366	10.064.502
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		7.905.078	(59.216.644)
		<u>13.285.486</u>	<u>72.502.130</u>
		<u>21.190.564</u>	<u>13.285.486</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Innritunargjöld, pappírs- og prentgjald, efnisgjöld, leigutekjur, styrkir og aðrar þjónustutekjur

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.120.900.745	927.259.569
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	4.985.981	4.268.527
	<u>1.125.886.726</u>	<u>931.528.096</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.000.900.000	0	0	1.000.900.000
Fjáraukalög .....	(3.800.000)	0	0	(3.800.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	123.800.745	0	0	123.800.745
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.120.900.745</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.120.900.745</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.018.593.368)	0	0	(1.018.593.368)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>102.307.377</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>102.307.377</b>

	2020	2019
<b>3 Aðrar tekjur</b>		
Sala á vöru og þjónustu .....	8.163.000	8.100.000
	<u>8.163.000</u>	<u>8.100.000</u>

<b>4 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	42.500	94.250
Ýmsar þjónustutekjur .....	716.000	942.000
	<u>758.500</u>	<u>1.036.250</u>

<b>5 Vörusala</b>		
Vörusala II .....	14.608.539	14.248.300
	<u>14.608.539</u>	<u>14.248.300</u>

<b>6 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	9.174.300	16.958.532
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	6.000.000	1.425.200
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	2.519.153	9.282.663
Ýmsar tekjur .....	144.425	316.453
	<u>17.837.878</u>	<u>27.982.848</u>

<b>7 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	638.831.422	588.582.035
Orlof, breyting .....	6.184.935	(3.542.202)
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar .....	0	55.333
Launatengd gjöld .....	147.483.805	137.386.249
Starfsmannakostnaður .....	809.084	1.382.400
	<u>793.309.246</u>	<u>723.863.815</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	64,7	62,1
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2020	2019
<b>8 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	974.751	1.719.426
Byggingarvörur, almennar ....	97.531	404.477
Byggingarvörur, aðrar ....	74.517	378.967
Ýmis tæki og áhöld ....	2.068.913	970.442
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	0	3.514
Orkugjafar ....	9.499.271	9.218.489
Matvæli ....	5.259.245	3.252.181
Almennar rekstrarvörur ....	2.395.234	1.478.729
Vörukaup, almenn	20.369.462	17.426.225
Kennslu- og föndurvörur ....	2.557.931	2.804.284
Ýmsar sérgreindar vörur ....	50.019	446.928
Vörukaup, sérgreind	2.607.950	3.251.212
Fundir, námskeið, risna ....	1.812.800	3.093.182
Ferðir, uppihald ....	168.780	3.161.505
Akstur ....	78.045	597.927
Sérfræðiþjónusta ....	7.084.751	6.319.811
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	169.849	177.027
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	1.018.525	91.575
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	424.409	1.421.260
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	10.757.159	14.862.287
Afnotagjöld ....	3.552.769	2.153.352
Leigugjöld ....	215.042.382	209.572.845
Notkun véla og flutningatækja ....	330.540	181.820
Verkkaup ....	14.054.732	16.679.511
Kostnaðarhlutdeild ....	1.009.108	915.409
Opinber gjöld ....	12.226	197.400
Tilfærslur ....	28.680	144.420
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	234.030.437	229.844.757
Annar rekstrarkostnaður samtals	267.765.008	265.384.481
	<b>2020</b>	<b>2019</b>
<b>9 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	4.985.981	4.268.527
	4.985.981	4.268.527

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>10 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	24.166.143	17.104.758
Aðrar eignir .....	1.262.937	1.262.937
	25.429.080	18.367.695

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	50.604.584	1.262.937	51.867.521
Viðbætur á árinu .....	12.047.366	0	12.047.366
	62.651.950	1.262.937	63.914.887
Afskriftir 1.1.2020 .....	33.499.826	0	33.499.826
Afskrift ársins .....	4.985.981	0	4.985.981
	38.485.807	0	38.485.807
Staða 31.12.2020 .....	24.166.143	1.262.937	25.429.080

	31.12.2020	31.12.2019
<b>11 Tengdir aðilar</b>		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	17.651.347	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	1.993.203	0
	19.644.550	0

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	79.769.731
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	125.466	(4.103.206)
	125.466	75.666.525

## 12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	2.591.450	559.555
	2.591.450	559.555

## 13 Handbært fé

Tékkareikningar .....	21.190.564	13.285.486
	21.190.564	13.285.486

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 3,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(101.513.879)	(90.918.246)
Afkoma ársins .....	102.307.377	(10.595.633)
Jöfnuður 31.12. ....	793.498	(101.513.879)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
<b>15 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	36.527.622	30.342.687
Ógreidd laun .....	0	3.873.935
Önnur ógreidd gjöld .....	8.166.859	1.956.457
	44.694.481	36.173.079

### 16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	25.429.080	18.367.695
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(5.472.009)	(124.643)
	19.957.071	18.243.052

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	18.367.695	(124.643)	18.243.052
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	6.700.000	6.700.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	12.047.366	(12.047.366)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(4.985.981)	0	(4.985.981)
	25.429.080	(5.472.009)	19.957.071

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 9,3 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

## Skýringar

### 17 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 215,7 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 26,0 milljónum.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2020, kr. 0,5 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.